

Skýrsla stjórnar



2024-2025

Á aðalfundi Skíðafélags Ólafsfjarðar 22.maí 2024 varð sú breyting á stjórn félagsins að Heimir Sverrisson kom inn í stjórn félagsins fyrir Gyðu Þóru Stefánsdóttur, við þökkum Gyðu fyrir góð störf í stjórn SÓ.

Á aðalfundinum var Kristján Hauksson endurkjörinn formaður og stjórn skipti með sér verkum svohljóðandi:

Varaformaður: Gunnlaugur Ingi Haraldsson

Gjaldkeri: Elsa Guðrún Jónsdóttir

Ritari: Birna Björnsdóttir

Meðstjórnendur: Heimir Sverrisson, Hólmar Hákon Óðinsson og Sunna Eir Haraldsdóttir

Stjórn félagsins hittist og fundaði heldur óreglulega yfir starfsárið en einnig fór stór hluti umræðu og ákvarðana fram á facebook síðu stjórnar.

Þjálfarar félagsins voru Jónína Kristjánsdóttir, Tinna Kristjánsdóttir, Helgi Már Kjartansson og Kristján Hauksson í skíðagöngu. Sunna Eir Haraldsdóttir, Bríet Brá Gunnlaugsdóttir og Hanna Valdís Hólmarsdóttir sáu um alpagreinar. Tíðin var nú þannig að enginn var lyftuvörðurinn né starfsmaðurinn í skálanum en Gunnlaugur Ingi var á troðaranum eins og undanfarin ár þegar færi gafst.

Sumarið 2024

Eftir síðasta vetur var mikið brottfall hjá okkur í elsta hópnum okkar. Sumaræfingar voru því ekki eins formfastar og áður en Björg Glóa Heimisdóttir var mjög dugleg að æfa, var með æfingaprógram frá Jónínu auk þess að stunda æfingar með Hlíð Heilsurækt. Björg tók einnig þátt í Hæfileikamótun SKÍ, en æfingar voru á Ísafirði og ein ferð til Noregs í nóvember.

Fjarðarhlaupið var haldið 17.ágúst og voru þátttakendur alls 111 sem tóku þátt. Töluverð aukning frá fyrra ári, en þá voru þátttakendur alls 77. Frá Siglufirði hlupu 24 hlauparar 32km leiðina og úr Héðinsfirði voru 65 keppendur. Því miður meiddist einn keppandi sem kallaði á töluverða aðgerð með björgunarsveit og við reynslunni ríkari hvað varðar búnað keppanda, samskipti og fleiri hluti sem þarf að hafa í huga fyrir næsta hlaup. Annars tókst hlaupið frábærlega, mikil ánægja hjá keppendum, frábær stemmning við Kaffi Klöru þar sem endamarkið var og félagið fékk mikið hrós fyrir mótahaldið. Það er mikill undirbúningur sem liggur að baki verkefni eins og Fjarðarhlaupsins. Merkja þarf leiðina rækilega og brautarvarsla þarf að vera góð. Þetta gerðu okkur frábæru sjálfbóðaliðar, þúsund þakkir til þeirra allra. Fjarðarhjólið var svo haldið 7.september og þangað mættu 85 þátttakendur! En 2023 voru þeir 45, frábær aukning sem var aðallega í barnahjólið og skemmtihjólið. Rafhjólakeppnin var nánast í sama fjölda og spurning hvort félagið ætti að

endurskoða keppnisgreinar til að auka þátttöku? Mótahald var hið glæsilegasta, Fjallakofinn og Kría cycles voru með okkur og kynntu rafmagnshjól og búnað. Marksvæðið var á Tjaldsvæðinu, flott umgjörð og góð stemmning..

Haust 2024

Óhætt er að segja að haustið hafi verið gott. Æfingar hófust hjá börnunum í september og voru í umsjón Jónínu Kristjánsdóttur, Tinnu Kristjánsdóttur og Helga Más Kjartanssonar . Góð mæting var á æfingarnar sem voru bæði úti og í íþróttahúsinu.

Efirlitsmaður FIS kom til okkar til að taka út keppnisbrautir í skíðagöngu. Hann var með nýjar hugmyndir að brautum og lagði til að við reyndum að hafa 1,2km spretthring, 2,5km, 3,3km og 3,75km hringi til mótahalds. Kom hann reyndar með tvær tillögur að 3,3km hring. Einnig lagði hann til breytingu á brautinni í öllum þessum vegalengdum sem við ætluðum að prófa þegar snjórinn kæmi. Það fór nú eins og það fór svo í dag erum við í raun ekki með FIS leyfi á neina braut en tillögurnar eru allar klárar hjá FIS. Helsta breytingin í þessu er að 5km hringurinn dettur út. Einnig hafa verið umræður innan stjórnar um að reyna jafnvel að breyta brautum þannig að þær séu nær skálanum og keppni eða æfingar því sýnilegri. Annars var lítið gert, net í Bárubraut löguð lítillega og sáð grasfræi í flötina.

Veturinn 2024-2025

Veturinn fór vel af stað hjá okkur og um áramót vorum við komin á gönguskíði á knattspyrnuvellinum og túninu við skólann eins og undanfarin ár. Æfingar gengu vel og vinir okkar úr SSS duglegir að mæta. Þannig héldu æfingar áfram fram til 20 janúar með aðeins meiri snjó og komið spor á köflum í Bárubraut og tenging niður á knattspyrnuvöllinn. Veturinn lofaði bara ágætu. Lyftan opnaði hjá okkur um miðjan janúar og útlitið bara gott. En því miður þá fór heldur að halla undan fæti og 20 janúar var lokað í Tindaöxl eftir þriggja daga opnun og snjóleysi á knattspyrnuvelli fór að gera vart við sig. Þar með vorum við komin í haustæfingar aftur í skíðagöngu út veturinn en alpagreinar sóttu æfingar eins og hægt var í Skarðsdal á Siglufirði út veturinn. Ekki tókst að halda eitt einasta félagsmót þennan vetur og með ólíkindum hvað okkur tókst þó að halda mörgum krökkum við íþróttina. Fjarðargöngunni var á endanum aflýst en einu mót vetrarins voru Bikarmót SKÍ sem krakkarnir okkar sóttu og stóðu sig með miklum ágætum þar, bæði í skíðagöngu og alpagreinum.

Námskeiðahald með Sigló Hótel lofaði mjög góðu, uppselt var á öll þrjú námskeiðin en því miður lét snjórinn ekki sjá sig og engin urðu námskeiðin. Andrésar Andarleikarnir fóru fram í lok apríl eins og vanalega. Alls voru 43

börn skráð til leiks frá SÓ og verður árangur þeirra á leikunum að teljast með ólíkindum. Alls voru andrésartitlar fjórir, silfurverðlaun fimm og bronsverðlaun 9 á leikunum. Gist var á Hótel Hálönd, maturinn frá Bautanum og gekk allt vel.

SÓ var með á jólamarkaðnum í ár eins og undanfarið, gáfu þar gestum og gangandi heitt súkkulaði og piparkökur.

Val á íþróttamanni Fjallabyggðar fór fram 4.janúar í Tjarnarborg og var Matthías Kristinsson kjörinn íþróttamaður ársins. Matthías átti frábært ár 2024 og óskum við honum innilega til hamingju. SÓ tilnefndi Árna Helgason og Svövu Rós Kristófersdóttur einnig til skíðamanna ársins í flokki 13-18 ára.

Haldin voru 5 skíðagöngu námskeið í samstarfi við Sigló Hótel og Ferðaskrifstofuna Mundo. Aðsókn í námskeiðin hefur dregist mikið saman og mættu til okkar um 110 manns á þessi námskeið í vetur.

Lokahóf SÓ var haldið 7.maí síðastliðinn.Þar sem engin mót voru haldin í vetur var brugðið á það ráð að veita öllum börnum verðlaunapening auk íþróttarbolar SÓ að gjöf. Einnig gaf félagið iðkendum fæddum 2013 og eldri langerma bol og stuttbuxur. Lokahófið var haldið á Höllinni og tókst vel í alla staði.

Á lokahófinu var Matthías Krisinsson Skíðamaður ársins og alpagreina maður ársins. Björg Glóa Heimisdóttir skíðagöngukona ársins 13-16 ára
Olivier Saniewski alpagreinamaður ársins 12-15 ára.
Kamilla Maddý Heimisdóttir ástundun og framfarir
Sigmundur Elvar Rúnarsson, ástundun og framfarir.

Lokaorð

Síðastliðið haust gerði félagið nýja samninga við Fjallabyggð um rekstur, viðhald og uppbyggingu á okkar skíðasvæði. Samningurinn hljóðar upp á 3 milljónir króna í viðhald, 5 milljónir í uppbyggingu Bárubrautar og 9 milljónir til rekstur skíðasvæðisins á hverju ári. Samningurinn er til fjögurra ára og er vísitölutryggður. Miðað við samninginn sem við vorum með fyrir er þetta mjög góður samningur og því ljóst að næstu árin er töluvert tækifæri til uppbyggingar á innviðum félagsins og vonandi tekst okkur að gera sem allra mest úr þessum peningum, iðkendum okkar til góðs. Nú þegar er loksins búið að stækka og endurnýja hurðina í troðaraskemmunni, en félagið hefur ítrekað óskað eftir að þetta sé gert við Fjallabyggð. Nú er það komið og næsta verk er því að fara í frekari lagfæringar og viðhald á skíðaskálanum. Hugmyndir eru þar um að endurnýja eða laga pallinn, mála klæðninguna, laga þak og endurnýja eldhús svo eitthvað sé nefnt. Varðandi Bárubraut þá er spurning hvað á að gera þar, augljóst er að laga og jafnvel endurnýja þarf brýr yfir skurði, breikka þarf brautina á köflum auk þess sem auka þarf snjógirðingar. Félagið hefur einnig áhuga á að gróðursetja nokkuð við brautina og reyna að gera hluta hennar að heilsárs

útivistarsvæði fyrir göngu, hlaup, hjól og skíði. Minningarreitur um Jón Konráðsson hefur einnig verið á dagskrá félagsins til nokkurra ára og nú í sumar verður keyptur einhverskonar skúr eða grillhús til að staðsetja á þeim reit. Hugmyndir stjórnar voru að setja hann sunnan við varnargaðinn en vegna snjóflóðahættu er nú rætt um að hafa hann jafnvel norðan við garðinn og í nálægð við svæðið okkar. Gott væri að fá einhverja umræðu um þetta hér, ásamt umræðu um Bárubraut, skíðasvæðið í Tindaöxl og okkar áherslur og starfsemi.

Skíðafélag Ólafsfjarðar lýkur hér sínu 24. starfsári. Þetta verður að teljast mjög erfitt ár, sögulega lítil snjór hér í firðinum. Fjarðargöngunni aflýst, ekkert félagsmót en þó ótrúlegt sé að segja frá tókst okkur engu að síður að halda úti ótrúlega flottu starfi miðað við aðstæður. Keppendur á Andrésarleikunum voru 43 í ár, þrátt fyrir erfiðan vetur. Áfram höldum við og er það einlæg ósk mín að árið 2026 þegar Skíðafélag Ólafsfjarðar verður 25 ára, Fjarðargangan 40 ára, að við náum að fara með 50 þátttakendur á Andrésar Andar Leikana.

Að lokum viljum við þakka sérstaklega þjálfurunum okkar fyrir frábært starf í vetur við mjög erfiðar aðstæður. Einnig þökkum við sérstaklega Gunnari Sigvaldasyni og Báru Finnsdóttur fyrir tveggja milljón króna styrk til félagsins á síðasta ári. Árni Helgason / Helgi Reynir Árnason, Smári Vélaverktakar, eru alltaf tilbúnir að aðstoða okkur og er það ómetanlegt fyrir félagið okkar. Síðast en ekki síst, þakkir til allra sjálfboðaliðanna, þið eruð SÓ.

Dagskrá fundarins:

Fundarsetning

Kostning fundarstjóra og fundarritara.

Skýrsla stjórnar

Reikningar félagsins lagðir fram.

Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykktar.

Lagabreytingar

Umræða um lagabreytingar. Lagabreytingar lagðar fram til samþykktar.

Ákvörðun um árgjald.

Kostning formanns og annara stjórnarmanna, kostning áheyrnarfulltrúa ungs fólks og 2 skoðunarmenn reikninga.

Tilnefning fulltrúa til stjórnarkjörs UÍF.

Önnur mál.

Uppbygging Bárubrautar og viðhald mannvirkja.Félagar hvattir til að mæta og taka þátt í stefnumótun félagsins.